

Gróf Múrblanda

Grov Beton



Efnislýsing

Gróf Múrblanda er slitsterkt, sementsbundið steypu og múrviðgerðarefni, með mjög góða viðloðun. Frostpolið og vatnspétt þegar fullri hörku er náð. Framleitt úr Portlandsementi, ofnpurkuðum kvartssandi, ásamt íblöndunarefnum til að auka viðloðun og vinnslueiginleika

Notkunarsvið

Gróf Múrblanda er alhliða tilbúinn múrblanda sem þarf einungis að blanda með köldu vatni og er þá tilbúinn til notkunar. Múrblandan er ætluð í grófari og stærri undirviðgerðir innandyrar sem utan. Einnig er hún mikið notuð í hefðbundnar steypuframkvæmdir s.s. litla sökkla, veggj, gólf og staurasteypu.

Undirvinna

Viðgerðarflöturinn skal vera hreinn og laus við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðloðun.

Ef skemmdin nær inn í járn skal fjarlægja alla lausa steypu frá járninu og hreinsa járníð með sandblásara eða slípirokk. Berið síðan á járníð Murexin Repol BS7 sem er sementsbundið ryðvarnarefni. Ef um nýsteypu er að ræða þarf að útbúa mót úr viðeigandi byggingarefni. Gætið þess að mótið sé nægjanlega sterkt til að pola þrýstinginn frá blautri múrblöndunni. Til að tryggja viðloðun við eldri steypu þarf að bleyta sárið vel fyrir viðgerð. Við erfiðar aðstæður er gott að kústa sárið með vellingslamma. Hrærið saman múrblöndu og vatni þar til úr verður blautur kústunarhæfur slammi. Kústið slammanum á flötinn og leggið viðgerðarblönduna í blautt sárið.

Eiginleikar Grófrar Múrblöndu

Þykkt min	10mm
Þykkt max (Ef ekki er viðbætt mól)	100mm
Hitastig	5°-25°C
Notkunartími	Ca 60 mín
Hörðnun	Byrjar eftir 2-4 klst
Full hörðnun	28 dagar
Efnisnotkun	10mm þykkt 20kg/m ²

Þykktarsvið

Á sterkt undirlag, svo sem steinsteypa fleti 10-100mm. Ef nota á múrblönduna í meiri þykktum þarf að blanda mól samanvið. Ca 1 hluti mól á móti 5 hlutum af þurrefni.

Blöndun og lögn

Setjið 1 poka af múrblöndu (18kg) út í 2,4L af vatni. Hrærið vel með hægengri borvél í 2-3 mín eða þar til blandan er orðin kekkjalaus.

Uppsteypa: Hellið múrblöndunni í mótin. Vibrið eða sladdið blautt efnið til að tryggja að hún fylli mótið.

Staurasteypa: Stillið staurinn af í a.m.k. 90cm djúpri afmarkaðri holu. Hellið til skiptis þurrefni og vatni í holuna og hrærið í holunni sjálfri. Bætið mól úti til að styrkja steypuna.

Gólf: Leggið út lárétta leiðara með ca 1m millibili. Leggið múrblönduna út í a.m.k. 2cm lagi og afréttið með réttskeið m.v. leiðarana. Þegar yfirborðið er orðið snertipurrt má vinna í því með glattara, pússbretti eða þ.h. Hitastig verður að vera minnst 5°C í 12 tíma eftir notkun. Ef hætta er á að efnið þorni of hratt, þarf að verja það með því að væta svæðið eða breiða plast yfir það í 5-7daga eftir lögn.

Athugið

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi, á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi, skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf ráða hjá sölumönnum ef ykkur finnst ástæða til. Ekki má blanda öðrum efnum saman við múrblönduna, þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.